

Athugasemdir við tillögu Hafrannsóknastofnunar að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar mögulegra svæða

Skipulagsstofnun auglýsti tillögu Hafrannsóknastofnunar um eldissvæði vegna fiskeldis í Arnarfirði þann 3. júlí 2020. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 7. ágúst 2020.

Alls bárust 15 athugasemdir frá eftirtöldum aðilum:

Arnarlax, dags. 6. júlí 2020
Ísfélag Vestmannaeyja hf., dags. 7. ágúst 2020
Íslenska kalkþörungafélagið, dags. 12. ágúst 2020
Íslenski náttúruverndarsjóðurinn, dags. 7. ágúst 2020
Landgræðslan, dags. 7. ágúst 2020
Landsnet hf., dags. 29. júlí 2020
Landssamband veiðifélaga, dags. 7. ágúst 2020
Landvernd, dags. 5. ágúst 2020
Matvælastofnun, dags. 7. ágúst 2020
Minjastofnun Íslands, dags. 21. júlí 2020
North Atlantic Salmon Fund (NASF), dags. 31. júlí 2020
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, dags. 7. ágúst 2020
Svæðisráð Vestfjarða, dags. 3. júlí 2020
Veðurstofa Íslands, dags. 31. júlí 2020
Vegagerðin, dags. 10. ágúst 2020

Bíldudalur 27.5.2020

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Greinargerð Arnarlax og Fjarðalax vegna strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum

Arnarlax og Fjarðalax vilja gera grein fyrir starfsemi sinni og hagsmunum í tengslum við gerð strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 330/2020 sem fjallar um samráð við gerð strandsvæðaskipulags.

Núverandi rekstur.


Arnarlax er með starfs og rekstrarleyfi vegna framleiðslu á 10.000 tonnum af laxi á ári í Arnarfirði. Starfsleyfið gildir til 28.8.2035 og rekstrarleyfið til 6.5.2026

Fjarðalax er með starfs og rekstrarleyfi til að ala 10.700 tonn af laxi á ári í Patreksfirði og Tálknafirði en starfleyfið er í gildi til 15.2.2032 og rekstrarleyfið gildir til 28.8.2029. Jafnframt er Fjarðalax með starfs og rekstrarleyfi í Fossfirði í Arnarfirði upp á 4500 tonn á þriggja ára tímabili sem gilda annarsvegar til 1.2.2022 og 2.12.2023.


Fyrirliggjandi áform.

Arnarlax vinnur að umhverfismati vegna 10.000 tonna framleiðslu í Ísafjarðardjúpi og hyggur á stækkun á fyrirliggjandi leyfi í Arnarfirði um 4500 tonn en gert er ráð fyrir að notast við sömu svæði og nú þegar eru í notkun. Einnig er í gangi vinna við að hliðra til eldissvæðum í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði en þó þannig að svæðin verði áfram á sömu sjókvíaeldissvæðum. Arnarlax hóf vinnu við umhverfismat vegna 10.000 eldis í Jökulfjörðum árið 2016. Félagið hefur enn áhuga að nýta hluta af því svæði undir fiskeldi enda er það utan friðunarsvæðis þar sem eldi laxfiska er óheimilt samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004.

Arnarlax fagnar vinnu við strandsvæðaskipulag sem að öllum líkindum mun hafa styrkjandi áhrif á fyrirliggjandi starfsemi og einfalda leyfivæitingaferli innan skilgreindra strandsvæða. Jafnframt vill félagið minna á að hægt er að nýta strandsvæði á fjölbreyttan hátt og ein nýting þarf ekki að útiloka aðra.



Mynd 1 Eldissvæði Arnarlax & Fjarðalax í Arnarfirði



Mynd 2 Eldissvæði Fjarðalax í Patreksfirði & Tálknafirði



ARNARLAX




Mynd 3 Eldissvæði Arnarlax & Fjarðalax ásamt sjúkvíaldissvæðum



Mynd 4 Svæði í sunnanverðum Jökulfjörðum sem hugsanlega er heppilegt sem eldissvæði



ARNARLAX



Mynd 5 Fyrirhuguð eldissvæði Arnarlax í Ísafjarðardjúpi

Fyrir hönd Arnarlax

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. ágúst 2020.

Efni: Athugasemdir eiganda Dufansdals-Neðri við tillögu Hafrannsóknarstofnunar að eldissvæðum vegna fiskeldis í Arnarfirði.

Hinn 3. júlí sl. kynnti Skipulagsstofnun tillögu Hafrannsóknarstofnunar að eldissvæðum vegna fiskeldis í Arnarfirði. Þar sem ekkert strandsvæðisskipulag liggur fyrir í Arnarfirði gaf Skipulagsstofnun hverjum sem málið kann að varða frest til 7. ágúst 2020 til þess að koma með athugasemdir við tillögu Hafrannsóknarstofnunar.

Í tillögunni, sem var send samkvæmt 4. gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi (hér eftir „fiskl.“), eru eldissvæði afmörkuð m.a. í Fossfirði, stuttu fyrir framan jörðina Neðri-Dufansdal, fastanr. 212-4626. Eigandi þessarar fasteignar er umbj. minn, Ísfélag Vestmannaeyja hf. (hér eftir „umbj. minn“ eða „Ísfélagið“), og hefur Ísfélagið falið undirrituðum að senda Skipulagsstofnun athugasemdir félagsins við framangreinda tillögu.

1) Tillaga um sjókvíaeldi í ósamræmi við 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi

Umbj. minn leggst alfarið gegn staðsetningu sjókvíaeldissvæðis A sem tilgreint er í tillögu Hafrannsóknarstofnunar en um er að ræða eldissvæði sem dregið er frá Fossfirði norður að Haganesi.

Samkvæmt 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020, sem er sett með stoð í fiskl., skal Matvælastofnun, áður en rekstrarleyfi til fiskeldis er veitt, „ tryggja að fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi.“ Úr jörð Neðri-Dufansdals rennur Dufansdalsá. Í ánni er villtur laxastofn, en á grundvelli rannsóknar Náttúrustofu Vestfjarða frá 2016 á útbreiðslu og þéttleika seiða laxfiska á Vestfjörðum var þéttleikavísitala laxfiska í ánni 63,4, frá 16.-22. ágúst 2016.¹ Þegar hnit umrædds eldissvæðis eru skoðuð er ljóst að eldissvæðið er ekki í 5 km fjarlægð frá Dufansdalsá heldur virðast næstu mörk svæðisins vera nær 250 metrum frá árósum.

¹ Sjá nánar bls. 18 og heimild nr. 7 á bls. 25 í skýrslunni. Umrædda skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða „Ár og stöðuvötn við Vestfjarðaveg um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg“ er unnt að finna hér: https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1481/Vi%C3%B0auki%205_%C3%81r%20og%20st%C3%B6%C3%B0uv%C3%B6tn.pdf.

Er því ljóst að eldissvæðið er ekki 5 km frá Dufansdalsá og í ósamræmi við umrædda 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020. Þar sem framangreindu skilyrði fyrir rekstrarleyfi er ljóslega ekki fullnægt telur Ísfélagið að það þjóni engum tilgangi að lögum að afmarka eldissvæði í Fossfirði líkt og gert er í tillögunni.

2) Tillaga um sjókvíaeldi rýrir verðmæti Neðri-Dufansdals

Umbj. minn telur að nái sú tillaga Hafrannsóknarstofnunar, sem auglýst er af hálfu Skipulagsstofnunar og gerir ráð fyrir fiskeldi í einungis 250 metra fjarlægð frá ósum Dufansdalsár, fram að ganga, þá muni það rýra verðmæti Neðri-Dufansdals, og annarra jarða á svæðinu.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að samkvæmt 21. gr. reglugerðar nr. 540/2020 eru rekstrarleyfi gefin út til 16 ára. Virðast starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út fyrir framleiðslu á laxi í sjókvíum einnig gilda í 16 ár. Er það mjög íþyngjandi fyrir landeigendur ef fiskeldisstöð er rekin í 250 m fjarlægð frá jörð þeirra, enda felur slík starfsemi í sér áhrif á allt nærumhverfi. Jafnvel þótt gildandi starfsleyfi væri ekki á tilteknu svæði, sem hefur verið afmarkað sem eldissvæði, myndi það hafa neikvæð áhrif á möguleika landeigenda til þess að selja jörð sína ef fyrir liggur að sjókvíaeldisstöð verði rekin svo nálægt henni, þ.m.t. ósum Dufansdalsár.

3) Engin starfsemi til staðar á svæði sem tillaga um sjókvíaeldi tekur til

Umbj. mínum er kunnugt um að Fjarðalax ehf. hefur fengið rekstrarleyfi fyrir fiskeldi innan framangreinds eldissvæðis A, en rekstrarleyfi var gefið út af Fiskistofu þann 1. febrúar 2012. Gildistími leyfisins er til 10 ára og gildir rekstrarleyfið því til ársins 2022. Í kjölfar útgáfu þessa leyfis fékk Fjarðalax ehf. starfsleyfi frá Umhverfisstofnun hinn 29. febrúar 2012 til ársins 2028. Var starfsleyfið síðan framlengt til ársins 2032 í kjölfar breytingar árið 2015.

Að mati Ísfélagsins skýtur skökku við að auglýst sé tillaga Hafrannsóknarstofnunar á svæði þar sem Fjarðalax ehf. er með starfsleyfi enda kann að vera að brostnar séu forsendur fyrir rekstrarleyfi Fjarðaralax ehf. á umræddu svæði.

Samkvæmt 15. gr. fiskl. skal Matvælastofnun fella rekstrarleyfi úr gildi ef fiskeldisstöð hefur ekki innan þriggja ára frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun sem fylgdi umsókn. Matvælastofnun getur veitt undanþágu frá 1. másl. ef málefnaleg sjónarmið búa að baki töfinni, þó ekki lengur en 12 mánuði. Auk þess skal fella rekstrarleyfi úr gildi ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í tvö ár.

Hinn 28. desember 2018 var framkvæmt eftirlit af hálfu Umhverfisstofnunar á fiskeldissvæði Fjarðalax ehf. í Fossfirði. Niðurstaða eftirlitsins, sem birt var í eftirlitsskýrslu, var sú, að enginn fiskur var á eldissvæðinu. Kom jafnframt í ljós að engar kvíar voru úti í júní 2018, og hafði enginn fiskur verið á svæðinu á vegum Fjarðalax ehf. síðan árið 2016. Því hefur fiskeldi ekki verið stundað á svæðinu í 4 ár. Að mati Ísfélagsins er skilyrði 15. gr.

fiskl., um niðurfellingu rekstrarleyfis við stöðvun rekstrar í tvö ár, ljóslega uppfyllt og því í raun óskiljanlegt að auglýst sé tillaga um fiskeldi á svæði sem starfsleyfi Fjarðalax ehf. tekur til.

Hvað sem framangreindu líður telur Ísfélagið ólíklegt að Fjarðalax ehf. hefji rekstur fiskeldisstöðvar á ný á umræddu svæði. Í síðasta útgefna ársreikningi Fjarðalax ehf., þ.e. ársreikningi 2019, kemur fram að tap félagsins fyrir árið 2018 sé rúmur milljarður króna, nánar tiltekið kr. 1.006.593.794 en er þá tekið til rúmlega 250 milljón króna tekjuskatts-inneignar félagsins. Ójafnað uppsafnað tap félagsins nam kr. 3.147.558.314 í árslok 2018. Þá kemur fram í ársreikningi að skuldir félagsins nemi samtals kr. 1.594.772.299. Auk þess kemur fram að félagið hafi ekki greidd nein laun á árinu 2018 enda starfaði enginn starfsmaður hjá félaginu á árinu 2018.

Af framansögðu leiðir að brostnar eru forsendur fyrir rekstrarleyfi Fjarðalax ehf. Af þeim sökum er afrit þessarar umsagnar sendar Matvælastofnun og Umhverfisstofnun.

4) Niðurlag

Með vísan til alls framangreinds leggur Ísfélag Vestmannaeyja hf. til að tillögur Hafrannsóknarstofnunar séu endurskoðaðar og fallið verði frá því að auglýsa sjókvíaldissvæði A.

Umbj. minn áskilur sér allan rétt til að leggja fram frekari gögn á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Ísfélags Vestmannaeyja hf.,



Finnur Magnússon, lögmaður

Hjálagt:

- Ársreikningur Fjarðalax ehf.

Afrit:

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Upplýsingar með ársreikningi

Kennitala: 641109-1770
Nafn: Fjarðalax ehf.
Reikningsár: 2018
Reikningstegund: Ársreikningur
Dagsetning aðalfundar: 7.5.2019
Ársverk: 0

Stjórnarmenn

Kennitala	Nafn
080573-5029	Kjartan Ólafsson
300882-5799	Kristian Brandser Matthiasson
100647-3469	Matthias Garðarsson

Framkvæmdastjórn

Kennitala	Nafn
300882-5799	Kristian Brandser Matthiasson

Endurskoðendur/skoðunarmenn

Kennitala	Nafn
6906810139	PricewaterhouseCoopers ehf.
0702587579	Guðmundur Snorrason

Tíu stærstu hluthafar

Kennitala	Nafn	Hluttur %	Hlutafé
580310-0600	Amaríax ehf.	100	1.754.905.196

Upplýsingar með ársreikningi

Kennitala: 641109-1770
Nafn: Fjarðalax ehf.
Reikningsár: 2018
Reikningstegund: Ársreikningur
Dagsetning aðalfundar: 7.5.2019
Ársverk: 0

Stjórnarmenn

Kennitala	Nafn
080573-5029	Kjartan Ólafsson
300882-5799	Kristian Brandser Matthiasson
100647-3469	Matthias Garðarsson

Framkvæmdastjórn

Kennitala	Nafn
300882-5799	Kristian Brandser Matthiasson

Endurskoðendur/skoðunarmenn

Kennitala	Nafn
6906810139	PricewaterhouseCoopers ehf.
0702587579	Guðmundur Snorrason

Tíu stærstu hluthafar

Kennitala	Nafn	Hluttur %	Hlutfé
580310-0600	Amaríax ehf.	100	1.754.905.196

Fjarðalax ehf

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar.....	2
Áritun óháðs endurskoðanda.....	3 - 4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6 - 7
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9 - 15

Fjarðalax ehf
Kt. 641109-1770
Strandgata 43
460 Tálknafirði

Skýrsla stjórnar

Meginstarfssemi félagsins

Fjarðalax ehf. var stofnað á árinu 2009. Félagið rekur laxeldi á vestfjórðum og er dótturfélag Amartax ehf.

Starfsemi á árinu

Heildarvelta á árinu 2018 nam 1.101,4 millj. króna, en var 1.028,7 millj. króna árið 2017. Rekstrartap ársins 2018 nam 1.006,6 millj. króna, en nam 851,5 millj. króna árið áður. Eigið fé í upphafi árs nam 1.441,3 millj. króna en nam 434,7 millj. króna í árslok 2018.

Á árinu missti félagið leyfi til fiskeldis í Tálknafirði og Patreksfirði en fékk í staðinn leyfi til bráðabirgða til 5. september 2019. Ástæði missis leyfanna voru meintir ágallar í valkostagreiðingu umhverfismats. Unnið er að lagfæringu þessara meintu ágalla í samvinnu við viðeigandi eftirlitsstofnanir.

Jöfnun taps

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði flutt á ójafnað tap meðal eigin fjár en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um skýringar á eign fé félagsins.

Eignaraóild


Amartax ehf. er eigandi á öllu hlutafé félagsins og er eignarhald félagsins óbreytt frá fyrra ári.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Fjarðalax ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með áritun sinni.

Bíldudal, 7. maí 2019

Stjórn Fjarðalax ehf.


Lúta B. Mattar

Framkvæmdastjóri



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Fjarðalax ehf

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjarðalax ehf. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkum við frá fyrirvaralaus álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 7. maí 2019

PricewaterhouseCoopers ehf.


Guðmundur Snorrason
löggiltur endurskoðandi


Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýringar	2018	2017
Rekstrartekjur			
Sala.....		1.101.357.563	1.028.706.909
Rekstrargjöld			
Framleiðslukostnaður.....		1.329.502.860	1.607.428.113
Laun og launatengd gjöld.....	5	5.309.237	6.370.176
Annar rekstrarkostnaður.....		14.878.122	114.176.509
		<u>1.349.690.219</u>	<u>1.727.974.798</u>
Rekstrartap fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)			
		(248.332.656)	(699.267.889)
Afskriftir.....	7	(689.437.162)	(166.404.067)
Rekstrartap (EBIT)			
		(937.769.818)	(865.671.956)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(320.468.050)	(198.655.055)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	8	0	0
Tap fyrir skatta			
		<u>(1.258.237.868)</u>	<u>(1.064.327.011)</u>
Tekjuskattur.....	13	251.644.074	212.862.042
Tap ársins			
		<u>(1.006.593.794)</u>	<u>(851.464.969)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýringar	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Viðskiptavild.....	7	15.000.000	18.000.000
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fiskeldisstóðvar.....		479.737.719	1.063.546.815
Áhöld, tæki og búnaður.....		343.651.273	496.701.715
	7	<u>823.388.992</u>	<u>1.560.248.530</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutar í félögum	8	289.796.369	289.796.369
Tekjuskattsineign	13	639.061.656	387.417.582
		<u>928.858.025</u>	<u>677.213.951</u>
Fastafjármunir samtals		1.767.247.017	2.255.462.481
Veltufjármunir			
Birgðir.....	9	168.693.814	1.768.925.236
Viðskiptakröfur	10	0	22.321.001
Kröfur á tengd félög.....	15	15.458.093	35.688.219
Aðrar skammtímakröfur.....		74.830.838	20.986.300
Handbært fé.....	11	3.252.288	341.869
		<u>262.235.033</u>	<u>1.848.262.625</u>
Eignir samtals		<u>2.029.482.050</u>	<u>4.103.725.106</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Skuldir og eigið fé	Skýringar	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé			
Hlutafé.....		1.754.905.196	1.754.905.196
Yfirverðsreikningur.....		1.606.585.655	1.606.585.655
Lögbundinn varasjóður.....		250.000	250.000
Endurmatsreikningur.....		220.527.214	232.778.726
Ójafnað uppsafnað tap.....		<u>(3.147.558.314)</u>	<u>(2.153.216.032)</u>
	12	434.709.751	1.441.303.545
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldabréf		263.412.329	292.269.247
Næsta árs afborganir		<u>(30.924.128)</u>	<u>(28.120.440)</u>
	14	232.488.201	264.148.807
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir.....	14	196.332.631	1.767.401.288
Viðskiptaskuldir.....		4.846.990	101.536.259
Skuldir við tengd félög.....	15	1.160.352.332	522.888.458
Ýmsar skammtímaskuldir.....		<u>752.145</u>	<u>6.446.749</u>
		1.362.284.098	2.398.272.754
Skuldir samtals		1.594.772.299	2.662.421.561
Skuldir og eigið fé samtals		<u>2.029.482.050</u>	<u>4.103.725.106</u>
Aðrar upplýsingar	1 - 4		

Sjóðstreymi ársins 2018

	Skýringar	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Tap ársins		(1.006.593.794)	(851.464.969)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	689.437.162	166.404.067
Tekjuskattsineign, hækkun		(251.644.074)	(45.001.365)
Sölutap fastafjármuna		18.719.719	0
Gengismunur og verðbætur		(8.518.720)	(35.605.210)
		<u>(558.599.707)</u>	<u>(765.667.477)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(11.293.411)	17.113.166
Birgðir		1.600.231.422	820.095.044
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		535.080.001	(1.723.460.358)
		<u>2.124.018.012</u>	<u>(886.252.148)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>1.565.418.305</u>	<u>(1.651.919.625)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum		0	(9.021.779)
Sala á fastafjármunum		31.702.657	42.308.333
		<u>31.702.657</u>	<u>33.286.554</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Skammtímalán breyting		(1.559.802.226)	(38.580.906)
Tekin ný langtímalán		0	114.869.228
Afborgun langtímalána		(34.408.317)	(207.394.266)
Nýtt hlutafé		0	1.750.000.000
		<u>(1.594.210.543)</u>	<u>1.618.894.056</u>
Hækkun á handbæru fé		2.910.419	260.985
Handbært fé í byrjun árs		341.869	80.884
Handbært fé í árslok		<u>3.252.288</u>	<u>341.869</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Fjarðalax er laxeldisstöð á Tálknarfirði.

Fjarðalax ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er á Strandgötu 43 Tálknarfirði.

Félagið er hluti af samstæðu en móðurfélag þess og eigandi alls hutafjár er Arnarlax ehf, á Bildudal.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

Gengi gjaldmiðla var eftirfarandi:

	Meðalgengi árs			Gengi í lok árs		
	2018	2017	Breyting	2018	2017	Breyting
Evra.....	127,37	120,53	5,7%	132,8	125,05	6,2%
Vísitala til verðtryggingar lána.....				460,5	446	3,3%

3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

4. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádragnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2018	2017
Laun	0	771.187
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	5.309.237	5.598.989
	<u>5.309.237</u>	<u>6.370.176</u>

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu 2018.

Skýringar

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2018	2017
Vaxtatekjur og verðbætur	350.239	1.044.080
Vaxtagjöld og verðbætur	(81.241.137)	(144.874.410)
Gengismunur	(239.577.152)	(54.824.725)
	<u>(320.468.050)</u>	<u>(198.655.055)</u>

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig.

	Viðskiptavild	Áhöld, tæki og búnaður	Fiskeldis- stöðvar	Samtals
Stofnverð 1.1.....	30.000.000	672.555.120	1.380.260.027	2.082.815.147
Selt og fært út á árinu.....	0	(62.591.659)	0	(62.591.659)
Stofnverð 31.12.....	30.000.000	609.963.461	1.380.260.027	2.020.223.488
Afskrifað 1.1.....	12.000.000	175.853.405	316.713.212	504.566.617
Afskrifað á árinu.....	3.000.000	102.628.066	583.809.096	689.437.162
Selt og fært út á árinu.....	0	(12.169.283)	0	(12.169.283)
Afskrifað 31.12.....	15.000.000	266.312.188	900.522.308	1.181.834.496
Bókfært verð 1.1.....	18.000.000	496.701.715	1.063.546.815	1.578.248.530
Bókfært verð 31.12.....	15.000.000	343.651.273	479.737.719	838.388.992

Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir í árslok 2018 greinast þannig:

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Strandgata 43, Tálknafjarðarhreppi.....	12.100.000	144.574.000	14.691.046
Við Patrekshöfn, Vesturbyggð.....	14.650.000	189.980.000	35.003.473
Fóðurstöðvar, skip og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir.....	0	411.238.067	773.694.474
Viðskiptavild.....	0	0	15.000.000
	<u>26.750.000</u>	<u>745.792.067</u>	<u>838.388.992</u>

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Viðskiptavild	10 ár
Sjúkviar og fódurstöðvar	5-25 ár
Aðrar eignir	5-40 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum sundurliðast þannig:	Eignarhluti	Nafnverð	Bókfært verð 2018	Bókfært verð 2017
<i>Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi:</i>				
Eldisstöðin Íspór hf., Þorlákshöfn.....	50%	500.000	288.796.369	288.796.369
<i>Eignarhlutir tilgreindir á kostnaðarverði:</i>				
Flax3 ehf., Tálknarfirði.....	100%	500.000	500.000	500.000
Norðanlax ehf., Tálknarfirði.....	100%	500.000	500.000	500.000
			<u>289.796.369</u>	<u>289.796.369</u>

Eignarhlutur í hlutdeildarfélaginu er færður til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélagsins eftir kaup fært í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhlutar í hlutdeildarfélögum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Önnuleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Önnuleystu tapi er einnig eytt hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga sundurliðast þannig:	Eignarhluti	2018	2017
Eldisstöðin Íspór hf., Þorlákshöfn.....	50%	0	0

Skýringar

9. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söliverð að frádrögnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og sölukostnaði. Birgðir eru lífmassi og fóðurbirgðir.

	2018	2017
Lífmassi.....	168.693.814	1.768.925.236
Birgðir í árslok.....	168.693.814	1.768.925.236

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2018	2017
Viðskiptakröfur.....	33.270.001	92.979.580
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	(33.270.001)	(70.658.579)
Viðskiptakröfur nettó í árslok.....	0	22.321.001

Viðskiptakröfur eru færðar niður um kr. 33,3 milljónir í efnahagsreikningi og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

Niðurfærsla í byrjun árs.....	70.658.579	27.210.007
Endanlega tapaðar kröfur á árinu.....	(51.694.615)	0
Breyting niðurfærslu á árinu.....	14.306.037	43.448.572
	33.270.001	70.658.579

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádrögnum niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

11. Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádrögnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrætti á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

12. Eigið fé

Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár

Á yfirverðsreikning innborgaðs hlutfjár eru færðar móttæknar greiðslur vegna hlutfjár, sem eru umfram nafnverð þeirra hluta sem gefnir hafa verið út.

Lögbundinn varasjóður

Ekki hefur verið fært í lögbundinn varasjóð sökum tapreksturs.

Skýringar

12. Eigið fé (framhald)

Endurmatsreikningur

Félagið hefur fært endurmat vegna fasteignar í eigu hlutdeildarfélags, til samræmis við reikningsskil hlutdeildarfélagsins. Endurmatið er afskrifað á áætluðum nýtingartíma eignarinnar eða ef eignin er seld.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Hlutafé	Yfirverðsreikn. innb. hlutafjár	Aðrir liðir	Ójafnað uppsafnað tap	Samtals
Staða 1.1.....	1.754.905.196	1.606.585.655	233.028.726	(2.153.216.032)	1.441.303.545
Tap ársins.....			0	(1.006.593.794)	(1.006.593.794)
Afskrift endurmats.....			(12.251.512)	12.251.512	0
Staða 31.12.....	<u>1.754.905.196</u>	<u>1.606.585.655</u>	<u>220.777.214</u>	<u>(3.147.558.314)</u>	<u>434.709.751</u>

Aðrir liðir greinast þannig:	Lögbundinn varasjóður	Endurmats reikningur	Samtals
Staða 1.1.....	250.000	232.778.726	233.028.726
Afskrift endurmats.....	0	(12.251.512)	(12.251.512)
Staða 31.12.....	<u>250.000</u>	<u>220.527.214</u>	<u>220.777.214</u>

13. Tekjuskattssinneign

Tekjuskattssinneign í ársbyrjun	387.417.582
Tekjuskattur ársins	251.644.074
Tekjuskattur til greiðslu 2019 vegna ársins 2018	0
	<u>639.061.656</u>

Tekjuskattssinneignin (skuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Staða 1.1.	Staða 31.12.
Varanlegir rekstrarfjármunir	(6.833.495)	7.879.141
Niðurfærsla viðskiptakrafna	14.131.716	16.992.923
Frestun gengismunar	(17.055.527)	35.598.606
Yfirfæranlegt tap	397.174.888	578.590.985
	<u>387.417.582</u>	<u>639.061.656</u>

Skýringar

13. Tekjuskattssinneign (framhald)

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2019 vegna taps ársins og vegna ójafnaðra rekstrartapa frá fyrri árum sem greinast þannig:

Tap ársins 2009 nýtanlegt til ársloka 2019.....	2.397.782
Tap ársins 2011 nýtanlegt til ársloka 2021.....	125.263.880
Tap ársins 2012 nýtanlegt til ársloka 2022.....	76.916.906
Tap ársins 2013 nýtanlegt til ársloka 2023.....	96.835.147
Tap ársins 2014 nýtanlegt til ársloka 2024.....	993.501.665
Tap ársins 2015 nýtanlegt til ársloka 2025.....	172.464.977
Tap ársins 2016 nýtanlegt til ársloka 2026.....	518.494.085
Tap ársins 2018 nýtanlegt til ársloka 2028.....	907.080.485
	<u>2.892.954.927</u>

Reiknuð tekjuskattssinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

14. Langtímaskuldir 2018 2017

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

Skuldir í íslenskum krónum:

Óverðtryggðar skuldir	16.781.812	25.276.439
Verðtryggðar skuldir	65.131.187	78.505.094
	<u>81.912.999</u>	<u>103.781.533</u>

Skuldir í erlendra mynt:

Í evrum (EUR).....	181.499.330	188.487.714
--------------------	-------------	-------------

Samtals langtímaskuldir.....	<u>263.412.329</u>	<u>292.269.247</u>
------------------------------	--------------------	--------------------

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2018 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018	0	28.120.440
Árið 2019	30.924.128	27.475.214
Árið 2020	30.028.036	27.475.214
Árið 2021	26.085.457	75.964.337
Árið 2022	24.643.626	30.125.470
Árið 2023	23.308.612	45.157.842
Síðar	128.422.469	57.950.730
	<u>263.412.329</u>	<u>292.269.247</u>

Áætlaðar afborganir af langtímalánum félagsins í þessari skýringu er miðuð við gildandi lánasamninga í árslok. Þessar skuldir félagsins voru greiddar upp af móðurfélaginu, Amarlaxi ehf., í tengslum við endurfjármögnun þess, með lánasamningi dags. 21. desember 2018 sem kom til framkvæmda 22. febrúar 2019.

Skýringar

14. Langtímaskuldir (framhald)

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda	232.488.201	264.148.807
Afborganir næsta árs, færðar meðal skammtímaskulda	30.924.128	28.120.440
Bankalán í EUR til skammtíma fært meðal skammtímaskulda	0	1.546.221.886
Hlaupareikningslán í IKR meðal skammtímaskulda	165.408.503	193.058.962
	<u>196.332.631</u>	<u>1.767.401.288</u>

Á eignum félagsins hvíla þinglýst allsherjarveð veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að uppgreiðsluvirði um 429 millj. króna í árslok 2018.

15. Tengd félög

	2018	2017
Kröfur á tengd félög:		
Eldisstöðin Íspór hf.....	15.458.093	35.688.219
Skuldir við tengd félög:		
Arnarlax ehf.....	940.073.749	436.954.478
Bæjarvík ehf.....	220.278.583	85.933.980
	<u>1.160.352.332</u>	<u>522.888.458</u>
Viðskipti við tengd félög á árinu voru eftirfarandi:	Tekjur	Gjöld
Arnarlax ehf.....	1.101.357.563	
Bæjarvík.....		117.135.720
Eldisstöðin Íspór hf.....		277.800.214

Halldór Halldórsson <halldor@iskalk.is>

Til : Skipulagsstofnun
Frá : Halldór Halldórsson <halldor@iskalk.is>
Heiti : Athugasemd varðandi eldissvæði í Fossfirði Arnarfirði
Málsnúmer. : 202006044
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 12.8.2020 10:05:45
Höfundur : Halldór Halldórsson <halldor@iskalk.is>

Viðhengi

[image001.png](#)


[image002.jpg](#)

Ágæti viðtakandi.

Undirritaður óskar eftir því að athugasemd okkar þótt seint komi fari inn ásamt öðrum athugasemdum vegna staðsetningar eldissvæða í Fossfirði Arnarfirði. Afmörkun þessi var kynnt á vef Skipulagsstofnunar í júlí og ágúst 2020.

Athugasemd Íslenska kalkþörungafélagsins snýr að því að svæði í Fossfirði var úthlutað á sínum tíma til efnistöku á kalkþörungum. Þótt efnistaka einskorðist í dag við Langanes og Reykjafjörð í Arnarfirði getur komið upp sú staða að efnistaka í Fossfirði reynist nauðsynleg. Ef eldiskvíar er komnar á sama svæði gengur það ekki upp.

Hér að neðan er kort af vef Orkustofnunar þar sem úthlutað efnistökusvæði Íslenska kalkþörungafélagsins koma skýrt fram. Náð er í þetta yfirlit þann 11. ágúst 2020 af vefsíðu Orkustofnunar.



Vinsamlega staðfestið móttöku og hvert erindi okkar berst.

Virðingarfyllt

Halldór Halldórsson, forstjóri, CEO
 Íslenska kalkþörungafélagið
 Marigot á Íslandi.
 Mobile: +354 896 2890
 E-mail: halldor@iskalk.is



Skipulagsstofnun

Sent til: hafskipulag@skipulag.is



Reykjavík, 7. ágúst 2020

Umsögn Íslenska náttúruverndarsjóðsins - The Icelandic Wildlife Fund (IWF) um tillögu Hafrannsóknastofnunar á afmörkun eldissvæða fyrir fiskeldi í Arnarfirði sem kynnt hefur verið á vefsvæði Skipulagsstofnunar.

Í kynningu Hafrannsóknastofnunar koma fram hnit fyrir 54 eldissvæði fyrir sjókvíar í Arnarfirði, Fossfirði og Trostansfirði. IWF gerir alvarlegar athugasemdir að þar af eru ellefu eldissvæði innan við fimm kílómetra frá ósi Dufandalsár í Fossfirði og sex svæði innan við fimm kílómetra frá ósi Sunndalsár í Trostansfirði. Þar á meðal er gerð tillaga um fjögur eldissvæði innan við einn kílómetra frá ósi Dufandalsár og er það svæði sem næst er ósnum í aðeins um 300 metra fjarlægð. Þá eru samkvæmt tillögunni tvö eldissvæði innan við 1,5 kílómetra frá ósi Sunndalsár.

(Sjá mynd bls. 3).

Útgefnar rannsóknir Hafrannsóknastofnunar sýna að lax er ríkjandi tegund í báðum þessum ám og þéttleiki seiða mikill í Sunndalsá og talsverður í Dufandalsá. (Sjá: „Útbreiðsla og þéttleiki seiða laxfiska á Vestfjörðum, frá Súgandafrði til Tálknafjarðar“ <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hafogvatn2017-004.pdf> - Rannsókn Hafrannsóknastofnunar, 2017)

Þá hefur þegar verið staðfest erfðablöndun norsks eldislax sem sloppið hefur úr sjókvíum við villta laxastofna á Vestfjörðum og því mikið tilefni til að sýna varfærni við ákvörðun eldissvæða. Þar á meðal voru skýr merki um erfðablöndun í Sunndalsá. (Sjá: Erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við íslenska laxastofna“ https://www.hafogvatn.is/static/files/Gamli_vefur/hv2017-031.pdf - Rannsókn Hafrannsóknastofnunar, 2017)

Samkvæmt Reglugerð um fiskeldi (540/2020) skal „Matvælastofnun skal tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðva frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.“

Þá má benda á að í lögum um fiskeldi „skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.“ (Sjá 6. gr. Staðbundið bann við starfsemi.)

Erðfablöndun og lúsasmit

Fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðva frá ósum laxá skipta grundvallarmáli þegar kemur að skaðaminnkun vegna eldis á laxi í sjókvíum. Nálægð sjókvía við laxár eykur líkur á að eldislax gangi uppi í viðkomandi ár þegar hann sleppur í sjókvíum og þyngir verulega álag á villt sjógönguseiði laxa þegar lúsasmit (laxalús og fiskilús) kemur upp í sjókvíunum. Vegna þess hversu Arnarfjörður er þröngur (um fjórir kílómetrar fyrir utan Fossfjörð og Trostansfjörð) búa villt

gönguseiði úr Dufandalsá og Sunndalsá reyndar við þær illu aðstæður að eiga sér enga undankomu aðra sér auða en að synda í gegnum lúsagerið á leið sinni til hafs, þegar þær aðstæður eru uppi.

Lögfesting áhættumats erfðablöndunar árið 2019 var jákvætt skref en mikilvægt er að hafa í huga að eðli málsins samkvæmt tekur það tekur ekki til skaðans sem sníkjudýr og sjúkdómar í sjókvíaeldi valda villtum laxa- og silungsstofnum.

Lúsafár í sjókvíaeldiskvíum, sem eru í fjörðum þar sem eru lax- og silungsár, eykur lúsasmit á villtum stofnum og vega þannig að lífslíkum þeirra í náttúrunni. Rannsóknir hér við Ísland og í öðrum löndum staðfesta þessi áhrif.

Á sínum tíma sýndu Íslendingar meiri framsýni en ýmsar aðrar þjóðir með því að loka ákveðnum hlutum strandlengjunnar fyrir sjókvíaeldi með það fyrir augum að vernda villta lax- og silungsstofna landsins. Var þá eingöngu horft til lax- og silungsveiðiáa sem gáfu af sér veiðihlunnindi og tilgangurinn fyrst og fremst að draga úr áhrifum erfðablöndunar eldisfisks við laxastofna. Laxalús var þá ekki tekin með í reikninginn þar sem hún var þá svotil óþekkt vandamál í sjókvíaeldi við landið.

Frá ákvörðun um lokun hluta strandlengjunnar var tekin hefur hins vegar komið í ljós að laxalús er orðin viðvarandi og alvarlegt vandamál í sjókvíaeldi við Ísland. Þannig hefur Matvælastofnun (MAST) gefið út á hverju ári frá 2017 leyfi fyrir notkun kemískra efna eða lyfja til að meðhöndla lúsasmitaðan eldislax í sjókvíum á Vestfjörðum. Þá hafa vísindarannsóknir sýnt að á Vestfjörðum eru margfalt fleiri ár sem búa yfir lax- og silungsstofnum en talið var þegar ákveðið var að leyfa sjókvíaeldi þar.

Stofnar í mörgum ám í hættu

Fjölmargar ár með sérstökum villtum stofnum eru á svæðum þar sem sjókvíaeldið hefur margfaldast að umfangi. Þessir stofnar hafa þegar skaðast af þeirri starfsemi. Þetta fer í bága við sjálfstæðan tilverurétt villtu stofnanna í náttúru landsins samkvæmt lögum um náttúruvernd (1. og 2. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum) og samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem leggur áherslu á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þar með talið þeirra erfðauðlinda sem lífríkið býr yfir.

Til að undirstrika alvarleika málsins má benda á meistaraverkefni í sjávar- og vatnalíffræði eftir Evu Dögg Jóhannesdóttur en þar kemur fram að lúsasmit villtra laxfiska á eldissvæðum á Vestfjörðum hefur aukist: „Rannsóknir sýna að á svæðum þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er stundað eru villtir laxfiskar meira smitaðir af sjávarlús, einna helst laxalús, heldur en svæðum án eldis. Eldi á laxi (*Salmo salar*) í sjó er nýleg atvinnugrein á Íslandi og því mikilvægt að afla þekkingar um sjávarlús á villtum laxfiskum. Laxeldi var stundað í öllum fjörðum sunnanverðra Vestfjarða árið 2017. Í þessu verkefni var lúsasmit villtra laxfiska, sjóbirtings (*Salmo trutta*) og sjóbleikju (*Salvelinus alpinus*), kannað í öllum fjörðum sunnanverðra Vestfjarða frá júní til september 2017 og niðurstöður bornar saman við lúsatalningar í kvíum á svæðinu, sem og fyrri athuganir á villtum laxfiskum. Niðurstöður sýna aukið smit villtra laxfiska á svæðinu og gefa vísbendingu um neikvæð áhrif á þessa stofna.“ (Sjá: Sea lice infestation on wild salmonids in the southern part of the Icelandic Westfjords, meistaraverkefni í sjávar- og vatnalíffræði eftir Evu Dögg Jóhannesdóttur, við Háskólann á Hólum, 2019.)

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar frá 2018 um umsókn Arnarlax um aukið sjókvíaeldi í Arnarfirði er bent á að það komi „skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að laxalús sé orðin vandamál í fiskeldi hér á landi. Fyrir notkun lúsalyfja hafi fjöldi lúsa á eldisfiskum verið langt yfir þeim mörkum sem sett hafa verið í Noregi varðandi þörf fyrir meðhöndlun við laxalús. Þá hafi einnig þurft að meðhöndla eldisfisk vegna fiskilúsar sem hafi verið vandamál í fiskeldi bæði í Færeyjum og

Skotlandi. Hér sé því um raunverulegt vandamál að ræða sem geti snert bæði fiskeldi og villta stofna. Þá komi fram í gögnum framkvæmdaraðila að vísbendingar séu um að laxalús finnist í vaxandi mæli á villtum fiskum á eldissvæðum. (Sjá: Framleiðsluaukning á laxi um 4.500 tonn á vegum Arnarlax í Arnarfirði – Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun, 2018.)

Sérstök ástæða er því til að fara að gát á við úthlutun eldissvæða í Arnarfirði og innfjörðunum Fossfirði og Trostansfirði. Í raun má furðu sæta að Hafrannsóknastofnun leggi ekki til að þrengja mjög skilyrði fyrir sjókvíældi á svæðinu eða jafnvel nema úr gildi leyfi fyrir þessari starfsemi fremur en að fara með kvíarnar nánast upp í ósa áa með villtum íslenskum laxastofnum.



Rauðir punktar sýna staðsetningar eldissvæða samkvæmt hnitum sem koma fram í kynningu Skipulagsstofnunar.

Fyrir hönd The Icelandic Wildlife Fund,

Jón Kaldal



Hafskipulag
BT. Ester Anna Ármannsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Gunnarsholti 7. 8. 2020

Efni: Umsögn um tillögu að eldissvæðum vegna fiskeldis í Arnarfirði

Landgræðslunni barst til umsagnar tillaga að eldissvæðum vegna fiskeldis í Arnarfirði. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu eyddra og vangróinna landa, og varna gegn landbroti.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir á þessu stigi við tillögu að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar mögulegra eldissvæða en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslunnar

Davíð Arnar Stefánsson,
sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

29. júlí 2020
2020-07-72/0.11.2

Efni: Tillögur að eldissvæðum í Arnarfirði. Athugasemdir Landsnets.

Til kynningar er tillaga að eldissvæðum vegna fiskeldis í Arnarfirði á grundvelli laga um fiskeldi og þar sem á í framkvæmdahluta Kerfisáætlunar 2020-2029 er gert ráð fyrir strenglögnum yfir Arnarfjörð, telur Landsnet mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra áforma þegar teknar eru ákvarðanir um staðsetningu eldissvæða.

Í kafla 3.5.8 í áætlun um framkvæmdaverk 2021-2023 er fjallað um verkefnið „Styrkingar á suðurfjörðum Vestfjarða“.

Í undirbúningi kerfisgreininga voru bornir saman þrjú valkostir, en framlagður aðalvalkostur gerir ráð fyrir að frá Bíldudal verði lagður 2,4 km langur jarðstrengur meðfram sunnanverðum Bíldudalsvogi að landtaki á Haganesi. Þaðan verði lagður tæplega 12 km langur sæstrengur yfir Arnarfjörð, fyrir Langanes og með landtak að Auðkúlubót. Að lokum verði lagður jarðstrengur milli landtaki við Auðkúlubót, samhliða þjóðvegi að Mjólka.

Gert er ráð fyrir að Orkustofnun afgreiði kerfisáætlunina fyrir áramót, en ráðgert er að framkvæmdir hefjist á fyrri hluta árs 2022 og að þeim ljúki í lok árs 2023.

Í tillögu Hafrannsóknastofnunar virðast vera eldissvæði, annars vegar við Haganes og hins vegar við Tjaldanes sem eru staðsett í nálægð við fyrirhugaða strenglögnum. Landsnet gerir ráð fyrir að hægt það sé hægt að koma strenglögnum og eldissvæðum þannig fyrir að bæði rekstur fiskeldis og raforkuflutnings geti gengið eðlilega. Hins vegar fer Landsnet fram á að fá tækifæri til að leggja fram til viðbótar þessari umsögn nánari hnit fyrirhugaðrar strenglagnar þannig að hægt sé að bera þau saman við fyrirhugaðar staðsetningar eldissvæðanna.

Vegna sumarleyfa mun Landsnet ekki geta lagt nákvæma staðsetningu strengsins fram fyrr en eftir 17. ágúst og óskar eftir að tekið verði tillit til þess.

Virðingarfyllst

Einar S. Einarsson

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson



Skipulagsstofnun.

Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 7. ágúst 2020.

Málsnúmer: 200708-0086

Efni: Tillaga að eldissvæðum vegna fiskeldis í Arnarfirði

Fyrir liggur tillaga Hafrannsóknastofnunar að eldissvæðum í Arnarfirði, dags. 12. júní 2020. Hún er nú til meðferðar hjá Skipulagsstofnun sem hefur kallað eftir athugasemdum við hana.

Landssamband veiðifélaga gerir með bréfi þessu athugasemdir við tillögu Hafrannsóknastofnunar.

1. Fjarlægðarmörk

Í tillögu Hafrannsóknastofnunar er í sérstökum kafla fjallað um fjarlægðarmörk og vísað til þess að samkvæmt reglugerð nr. 550/2020, um fiskeldi (hér eftir nefnd reglugerð um fiskeldi), skuli „[...] taka tillit til fjarlægðarmarkna á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila, sbr. 5. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar og fjarlægðarmarkna frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu, sbr. 6. mgr. 18. gr.”

Þetta er rétt svo langt sem það nær. Þetta orðalag kemur fram í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. 5. og 6. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar eru aftur á móti mun skýrari hvað þetta varðar og ljóst að gera þarf meira en að taka einhvers konar tillit til þessara fjarlægðarmarkna. Þau ber að virða og allar undanþágur í þeim efnum þarf að rökstyðja sérstaklega og undanþáguheimildir ber að túlka þröngt.

a. Fjarlægðarmörk milli fiskeldisstöðva

Í 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi segir að Matvælastofnun skuli tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hvernar fiskeldisstöðvar. Undantekningar frá þessu meginviðmiði þarf að rökstyðja vel og það er einungis Matvælastofnun sem getur heimilað styttri fjarlægðir en 5 km. Í tillögu Hafrannsóknastofnunar kemur fram að í Arnarfirði sé erfitt að hafa fjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila meiri en 5 km sé miðað við útmörk svæða sem rekstrarleyfishöfum er úthlutað. Það er alveg ljóst hvað er átt við með þessari athugasemd Hafrannsóknastofnunar. Er erfitt að hafa fjarlægðarmörkin samkvæmt núgildandi reglum en er það samt hægt? Hvers vegna er það erfitt? Hvaða þýðingu hefur þessi athugasemd varðandi niðurstöðu stofnunarinnar um eldissvæði í Arnarfirði? Hefur þetta einhverja þýðingu

eða eru þetta einhvers konar skilaboð til annarra stofnana eða rekstraraðila? Gera verður kröfu um að Hafrannsóknastofnun setji fram frekari skýringar um þetta atriði og geri þá grein fyrir því með hvaða hætti væri hægt að hafa fjarlægðarmörkin samkvæmt núgildandi reglum þótt það kunní að vera erfitt.

b. Fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska

Í tillögu Hafrannsóknastofnunar er sem fyrr segir sérstaklega vísað til 6. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi en þar er fjallað um fjarlægðarmörk fiskeldisstöðva frá ám með villta stofna laxfiska. Í tillögunni er síðan ekki fjallað um þetta atriði frekar. Ekki er leitast við að gera grein fyrir ám í Arnarfirði sem hafa villta stofna laxfiska. Útlit er fyrir að þetta mikilvæga atriði hafi ekki verið kannað með viðunandi hætti af hálfu Hafrannsóknastofnunar. Það er út af fyrir sig ákveðið áhyggjuefni.

Þetta er sérstakt áhyggjuefni þegar litið er til þess að um þetta atriði þarf ekki að leita lengra en til rannsóknar sem unnin er af þessari sömu stofnun, Hafrannsóknastofnun, til þess að finna upplýsingar. Hún er frá 2. febrúar 2017 og fjallar um útbreiðslu og þéttleika seiða laxfiska á Vestfjörðum, frá Súgandafirði til Tálknafjarðar.¹ Í skýrslu um rannsóknina kemur fram að seiði laxfiska fundust í sjö ám í Arnarfirði. Eins og tillaga Hafrannsóknastofnunar liggur fyrir er ljóst að fyrirhugað eldissvæði eru ekki í meira en 5 km fjarlægð frá ósum nokkurra áa í Arnarfirði.

- Í Dufansdalsá í Fossfirði finnst talsverður seiðapéttleiki lax. Þar er gert ráð fyrir eldissvæði í minnst 300 metra fjarlægð frá ósum árinna.
- Þá er eldissvæði í innan við 1,5 km fjarlægð frá ósum Sunndalsár í Trostansfirði. Þar reyndist seiðapéttleiki lax mestur í rannsókninni frá 2017.
- Í Hvestuá í Ketildölum fundust þrír árgangar bleikjuseiða. Þar virðist fyrirhugað eldissvæði vera langt innan við fjarlægðarmörkin.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að Hafrannsóknastofnun hefur ekki tekið neitt tillit til fjarlægðarmarkna, a.m.k. hvað ofangreindar þrjár ár varðar, sbr. 6. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi og tillaga stofnunarinnar er þess vegna ekki í samræmi við 2. mgr. 6. gr.

Fleiri eldissvæði kunna að vera innan fjarlægðarmarkanna en það er nauðsynlegt að Hafrannsóknastofnun geri frekari grein fyrir þessu atriði og sýni einfaldlega fram á það með hnitsettum uppdráttum hvernig tryggja á hin lögbundnu fjarlægðarmörk. Ekki síst í ljósi þess að stofnunin sjálf gaf nýverið út skýrslu um rannsókn á útbreiðslu seiða laxfiska á svæðinu.

Eins og ákvæði 6. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi er úr garði gert ber Matvælastofnun við málsmeðferð umsóknar um rekstrarleyfi að tryggja að fjarlægðarmarkanna sé gætt. Matvælastofnun mun í öllu falli ekki geta gefið út rekstrarleyfi til fiskeldisstöðva ef fjarlægð frá þeim að ám með villta stofna laxfiska er styttri en 5 km.

2. Markmið laga um fiskeldi

Í 1. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi (hér eftir nefnd lög um fiskeldi), segir m.a. um markmið laganna að við framkvæmd þeirra skuli leitast við að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum

¹ <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hafogvatn2017-004.pdf>

nytjastofnun og lífríki þeirra. Þá segir í 2. mgr. 1. gr. að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna.

a. Erfðablöndun

Með tillögu þeirri sem nú liggur fyrir um eldissvæði í Arnarfirði er gengið gegn markmiði laga um fiskeldi. Það er ekki einungis vegna þess að gerð er tillaga um eldissvæði sem beinlínis gengur í berhögg við fyrirmæli reglugerðar um fiskeldi um fjarlægðarmörk, sbr. fyrri umfjöllun um það atriði. Heldur líka vegna þess að með því að gera tillögu um eldissvæði eins og hún liggur fyrir þá er augljóst að starfsemi fiskeldisstöðva í Arnarfirði mun hafa verulega neikvæð áhrif á villta stofna laxfiska sem eiga þar heimkynni. Það er ljóst að spjöll verða á þessum villtu stofnum og vistkerfi þeirra. Nú þegar liggur fyrir staðfest erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við laxastofna í Arnarfirði. Um það atriði má vísa til skýrslu Hafrannsóknastofnunar, dags. 25. ágúst 2017.²

b. Slysasleppingar

Rétt er að vekja athygli Skipulagsstofnunar á því að a.m.k. kosti fjórar slysasleppingar hafa átt sér stað í Arnarfirði þrátt fyrir að eldi þar sé nokkuð umfangsminna en það er áætlað er að verði þar í framtíðinni. Auðvitað má gera ráð fyrir því að oftar hafi orðið slys heldur en tilkynnt er.

Miðað við skráningar slysa varð síðast slysaslepping þann 2. apríl 2020. Þá reyndust þrjú göt voru á nótarþoka sjókvíar sem innihélt frjóan norskan eldislax. Umrædd kví innihélt tæplega 90 þúsund norska eldislaxa sem voru 8 kg að meðalþyngd. Götin voru allt að 1 metri að stærð á 1,5 metra dýpi. Lax af þessari stærð getur orðið náttúrunni afar skeinuhættur ef hann sleppur á þessum tíma. Það er stutt í göngutíma laxa, eldisfiskurinn stór og öflugur og búast má við að hluti hans sé kynþroska. Rekstraraðilar þessara sjókvía telja að ekki hafi einn einasti fiskur sloppið út um þetta gat en það væri með hreinum ólíkindum og flestir vita betur.

Fyrstu tvo mánuði þessa árs drápust um 800 tonn af norskum eldislaxi í sjókvíum í Arnarfirði samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun. Ekki liggur fyrir hversu mikið sú tala hækkaði í mars en fyrir tveimur árum drápust um 1.500 tonn í sjókvíum fyrir vestan fyrri hluta ársins, samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðilanum sjálfum, en það þýðir að um 300 þúsund eldislaxar hafa drepist. Vegna þrengsla í kvíunum var veruleg hættu á að mikið magn laxa slyppi. Það er þekkt að sjókvíar hreinlega sökkvi eða netin rifni þegar svona mikill dauði verður. Á sama tíma sluppu yfir 200.000 laxar í Færeyjum við svipaðar aðstæður. Í Arnarfirði mátti ekki miklu muna að stórslys yrði.

Það er ekkert sem bendir til annars en að slysasleppingar muni halda áfram að eiga sér stað og allar líkur eru á því að þeim muni fjölga með auknu eldi í Arnarfirði. Í tækniskýrslu

² https://www.hafogvatn.is/static/files/Gamli_vefur/hv2017-031.pdf

Hafrannsóknastofnunar um hættu á göngu strokulaxa úr laxeldi í íslenskar laxveiðiár,³ kemur fram að fyrirbyggjandi niðurstöður sýni greinilega mikilvægi þess að hafa nægilega vegalengd milli eldissvæða og laxveiðiáa. Um þetta er fjallað sérstaklega vegna fyrirhugaðs sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi. Í Djúpinu eru tvær laxveiðiár staðsettar nærri botni fjarðarins og lagt er til í áhættumati stofnunarinnar að staðsetning eldiskvíá skuli vera á svæðum sem eru vestan við línu sem dregin verði milli Æðeyjar og Ögurness. Í ráðgjöf stofnunarinnar segir svo orðrétt: „mikilvægt [er] að hafa fjarlægð milli eldis og laxveiðiáa sem mestan. Því er mælt til að sem mest af fiski verði alið sem fjærst ám í botni Djúpsins og eldi valið staður framar.”

Nú leggur þessi sama stofnun til að staðsetja eldissvæði nánast uppi í ósum áa í Arnarfirði þar sem villtir stofnar laxfiska eiga heimkynni. Af einhverjum ástæðum, sem ókunnar eru, telur Hafrannsóknastofnun hina villtu stofna í Arnarfirði minna virði en þá sem eiga heimkynni í Ísafjarðardjúpi. Hafrannsóknastofnun þarf að gera grein fyrir því hvers vegna er réttlætanlegt að staðsetja sjókvíar með þeim hætti sem ráðgert er og gera grein fyrir þeirri afstöðu með hliðsjón af því sem áður hefur verið haldið fram um mikilvægi þess um fjarlægð milli eldis og áa sem geyma villta stofna laxfiska.

Slyasleppingar úr sjókvíum í Arnarfirði hafa haft og munu halda áfram að valda spjöllum á villtum fiskstofnum. Tillaga Hafrannsóknastofnunar gengur gegn markmiðsákvæði fiskeldislaganna hvað þetta varðar.

c. Laxalús

Arnarfjörður er nokkuð þröngur fjörður og ljóst að gönguseiði sem eru á leið á haf út þurfa að fara í gegnum ský af laxalúsarlirfum. Rannsóknir sýna að laxfiskar hafa hæstu sýkingartíðnina á svæðum þar sem laxeldi er stundað.

Laxalús og notkun eiturs gegn henni er verulegt áhyggjuefni. Eldi laxfiska í kvíum í sjó hefur haft verulega neikvæð áhrif á villta laxfiskastofna víða erlendis, ekki síst vegna laxalúsar. Því var lengi haldið fram að laxalús yrði ekki vandamál á Íslandi þar sem sjórinn væri of kaldur. Það reyndist rangt. Nú er laxalús orðin viðvarandi vandamál. Vandamál tengd laxalús munu aukast í Arnarfirði og óhjákvæmilegt að viðeigandi stofnanir geri grein fyrir því hvernig vinna eigi gegn þeirri þróun. Áður en það verður of seint. Hafrannsóknastofnun gerir ekki einu sinni tilraun til þess að fjalla um laxalús eða hættuna sem af henni stafar fyrir villta laxfiskstofna í firðinum. Það er sjálfsögð krafa að Hafrannsóknastofnun geri grein fyrir því hvaða áhrif laxalús mun hafa á villta stofna laxfiska með hliðsjón af tillögu um staðsetningu eldissvæða.

Tillaga Hafrannsóknastofnunar gengur gegn markmiðsákvæði fiskeldisлага vegna þess að að sjókvíaeldi í Arnarfirði mun hafa í för með sér að laxalús mun valda spjöllum á villtum stofnum laxfiska.

³ https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/taekni-ahaettumat_isl11974661206809.pdf

3. Lög um náttúruvernd

Að mati Landssambands veiðifélaga gengur tillaga Hafrannsóknastofnunar í berhögg við markmiðsákvæði laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Einkum er vísað til þess að í 1. mgr. 1. gr. segir að markmið laganna sé m.a. að vernda líffræðilega fjölbreytni og tryggja þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum. Með því að staðsetja sjókvíaeldi á fyrirhuguðum stöðum í Arnarfirði er gengið gegn þessu markmiði náttúruverndarlaga. Þróun hinna villtu íslensku laxfiskstofna í Arnarfirði verður ekki á eigin forsendum heldur forsendum þeirra sem reka sjókvíaeldisstöðvar í firðinum og hvort vel eða illa verður staðið að slíkum rekstri. Þá er líffræðilegri fjölbreytni stefnt í voða eins og reynsla annarra þjóða sýnir.

Þá segir í c.-lið 2. gr. að stefnt skuli m.a. að því að varðveita tegundir lífvera og erfðabreytilega fjölbreytni. Tillaga Hafrannsóknastofnunar um stórfellt sjókvíaeldi á þeim stöðum sem gert er ráð fyrir í Arnarfirði stefnir gegn þessu markmiði náttúruverndarlaga eins og rakið er í þessu bréfi.

4. Niðurstaða

Það er ábyrgðarlaust af hálfu stjórnvalda að leggja til jafn umfangsmikið eldi í Arnarfirði og raun ber vitni. Ábyrgð Hafrannsóknastofnunar er þar ekki undanskilin. Það kemur í raun skýrt fram í tillögu stofnunarinnar þar sem það er ljóst að ekki er pláss fyrir þennan iðnað í firðinum. Bæði er ekki hægt að virða fjarlægðarmörk milli ótengdra aðila og ekki heldur fjarlægðarmörk við ár með villta stofna laxfiska.

Í þessu bréfi hefur verið rakið að hvaða leyti tillaga Hafrannsóknastofnunar gengur í berhögg við lög um fiskeldi, reglugerð um fiskeldi og lög um náttúruvernd. Þá er tillagan í mörgum atriðum óskýr og órökstudd eins og gerð er grein fyrir hér að framan. Tillagan eins og hún liggur fyrir er haldin slíkum göllum að gera verður ráð fyrir því að hana þurfi að vinna upp á nýtt frá grunni. Þá verður að gera ráð fyrir því að Skipulagsstofnun bregðist við hinni ófullnægjandi tillögu með afgerandi hætti.

Ábyrgð stjórnvalda er mikil þegar náttúran er lögð undir í veðmáli eins og þessu.

Virðingarfyllst,



Elías Blöndal Guðjónsson,
framkvæmdastjóri.

Skipulagsstofnun
Suðurlandsbraut 24
105 Reykjavík

Sent í tölvupósti: hafskipulag@skipulag.is

Reykjavík 5. ágúst 2020

Efni: Tillögu að eldissvæðum í Arnarfirði

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér tillögur að eldissvæðum í Arnarfirði.

Í tillögunum er vísað til þess að Hafrannsóknastofnun ber skv. lögum að ákveða eldissvæði í sjó á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar mögulegra eldissvæða. Þá kemur fram að taka ber tillit til strandsvæðisskipulags við ákvörðun um eldissvæði, ef það liggur fyrir. Þar sem ekki liggur fyrir strandsvæðisskipulag á því svæði sem um ræðir, skal Skipulagsstofnun kynna tillögu Hafrannsóknastofnunar að eldissvæðum og gefa þeim sem kjósa kost á að skila inn athugasemdum við tillöguna, áður en Skipulagsstofnun veitir umsögn til Hafrannsóknastofnunar um hana.

Stjórn Landverndar telur afar bagalegt að leggja í þessa vegferð nú þar sem á sama tíma er unnið að strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum og það mun ná til Arnarfjarðar. Stjórn Landverndar mælir með að beðið verið eftir því skipulagi.

Í gögnum kemur fram að gert er ráð fyrir allt að 20 þúsund tonna lífmassa að hámarki á ári í Arnarfirði og að hvert eldissvæði sé notað í um þrjú ár.

Almennt hefur stjórn Landvernd áhyggjur af laxeldi í sjókvíum vegna þeirra margþættu neikvæðu umhverfisáhrif sem þau hafa bæði á lífríkið í sjónum og í aðliggjandi vatnsföllum. Rannsóknir bæði hér á landi og víð um heim staðfesta að þetta eru vel rökstuddar áhyggjur. Umhverfisáhrif og áhætta er bein afleiða umfangs og þéttleika eldis. Fjarðlægð frá ám með villta stofna laxfiska skiptir einnig miklu máli.

Með varfærnisjónarmið að leiðarljósi er ástæða er til að ætla að bæði þéttleiki eldis og umfang í Arnarfirði sé komið á það stig að umhverfisáhrif séu umtalsverð. Það er

rík ástæða til að skoða áhrif núverandi starfsemi og gaumgæfa gögn og útreikninga frá 2015 sem gáfu þá niðurstöðu að um burðarþol í firðinum sé 20 þúsund tonn.¹

Árið 2017 kom út skýrslan „Útbreiðsla og þéttleiki seiða laxfiska á Vestfjörðum, frá Súgandafirði til Tálknafjarðar“ [höfundar Leó Alexander Guðmundsson, Ragnhildi Þ. Magnúsdóttur og Sigurð Már Einarsson]. Skv. skýrslunni hafa rannsóknir leitt í ljós að flestar ár á svæðinu [frá Súgandafirði til Tálknafjarðar] hafa sína eigin villtu stofna og í nokkrum þeirra var seiðaþéttleiki heilbrigður og sjálfbær.

Í nýlegri reglugerð um fiskeldi (540/2020) segir að sjókvíaeldi skuli ekki stundað í minna en 5 km fjarlægð frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu.² Ef mark má framlögð gögn er hætta á að þessi skilyrði verði ekki uppfyllt ná tillaga Hafrannsóknarstofnunar fram að ganga. Til að mynda er eitt eldissvæðið aðeins um 350m frá ósi Dufansdalsár og annað um 1,5 km frá ósi Sunndalsár. Í þessu ljósi telur stjórn Landverndar framlagað tillaga geti verið brot á gildandi verndunarákvæðum og með umræddri staðsetningu eldis sé náttúrulegu lífríki í framangreindum ám stefnt í hættu.

Virðingarfyllt,

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

¹ Skv. reglugerð um reglugerð um fiskeldi (540/2020) skal Hafrannsóknastofnun vakta lífrænt álag þeirra svæða sem þegar hafa verið metin til burðarþols og endurskoða matið svo oft sem þurfa þykir að mati stofnunarinnar.

² Í 18. Gr. Reglugerðarinnar (540/2020) segir að Matvælastofnun skuli tryggja að fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðar-mörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.

Ester Anna Ármannsdóttir
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 7. ágúst 2020
Tilvísun: 2007207

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols

Vísað er í kynningu Skipulagsstofnunar, dagsett 3. júlí 2020, á tillögu Hafrannsóknastofnunar um skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols.

Í dag eru í gildi tvö rekstrarleyfi í Arnarfirði. Arnarlax hefur rekstrarleyfi fyrir 10.000 tonna hámarkslífmassa á 6 eldissvæðum sem eru innan þriggja sjókvíaeldissvæða. Fjarðalax, sem er í eigu Arnarlax, hefur rekstrarleyfi fyrir 1.500 tonna hámarkslífmassa á einu eldissvæði í Fosfirði. Fyrir liggur umsókn frá Arnarlax um 4.500 tonna aukningu á laxeldi sínu í firðinum og umsókn Arctic Sea Farm fyrir 4.000 tonna laxeldi í Arnarfirði. Burðarþol Arnarfjarðar gerir ráð fyrir 20.000 tonna lífmassa í firðinum og áhættumat gerir ráð fyrir 20.000 tonnum af frjóum laxi.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í tillögunni er gert ráð fyrir kynslóðaskiptu eldi með þriggja ára eldisferil. Eldisferlar hjá rekstaraðilum í sjókvíaeldi hafa í dag verið að taka skemmri tíma en þessi þrjú ár sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Matvælastofnun hefur eftirlit með því að rekstraraðilar uppfylli skilyrði um samræmda útsetningu seiða ár hvert og að umhverfi hvernar fiskeldisstöðvar verði hvílt að lágmarki í 90 daga eins og ákvæði reglugerðar kveður á um. Umhverfisstofnun mun jafnframt hafa eftirlit með því að ástand botns undir hverri fiskeldisstöð hafi náð ásættanlegu ástandi áður en eldi hefst þar á ný og hvíldartími skv. starfsleyfi sé uppfylltur.

Við töflu 1 kemur fram að skiptingin geri ráð fyrir að hægt verði að hafa allt að 20 þúsund tonna lífmassa á ári í firðinum. Hér er um að ræða hámarkslífmassa og miðast hann við að lífmassi fari aldrei yfir 20 þúsund tonn í firðinum á hverjum tíma en ekki á hverju ári eins og kemur fram í tillögunni.

Að öðru leyti fellur tillaga Hafrannsóknastofnunar um skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols að hugmyndum Matvælastofnunar m.t.t. sjókvíaeldissvæðaskiptingu sem Matvælastofnun vann á sínum tíma.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Ester Anna Ármannsdóttir
Svið stefnumótunar og miðlunar
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

21. júlí 2020
MÍ202007-0078/ 6.10 / M.A.S.

Efni: Tillaga að eldissvæðum vegna fiskeldis í Arnarfirði

Með tölvubréfi dagsettu 3. júlí 2020 kynnti Ester Anna Ármannsdóttir, verkefnastjóri hafskipulags hjá Skipulagsstofnun, tillögu Hafrannsóknarstofnunar að afmörkun eldissvæða fyrir fiskeldi í Arnarfirði.

Minjastofnun Íslands vill ítreka fyrri athugasemdir sem voru gerðar vegna mats á umhverfisáhrifum vegna framleiðsla á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði (MÍ201804-0018).

Fjallað var um fornleifar í köflum 4.2.1 og 5.9 í frummatsskýrslu. Fiskeldi getur einkum haft áhrif á fornleifar á hafsbotni með tvennum hætti. Annars vegar geta fornleifar raskast vegna festinga kvía við botn og hins vegar kunna fornleifar að hyljast vegna úrgangs sem fellur til botns undir kvíum. Fornleifar voru ekki skráðar sérstaklega í tengslum við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs fiskeldis í Arnarfirði.

Eins og kom fram í frummatsskýrslu hefur Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur unnið að skráningu og rannsóknum á neðansjávarminjum við Ísland. Ragnar hefur m.a. skoðað ritaðar heimildir um skipsskaða, kaupsstaði, hvalveiðistöðvar og bátalægi á tímabilinu 1200 – 1910. Í skýrslu sinni, *Greinargerð um neðansjávarminjar í Arnarfirði*, sem kom út árið 2014, er kort af Arnarfirði. Á kortinu eru merktir inn staðir þar sem heimildir eru um skipsskaða, þar sem staðfest er að skipsskaðar hafa orðið og vitað er að verslunarstaðir og hvalveiðistöðvar hafa verið. Á kortinu er ekkert merkt inn á þeim þremur stöðum í firðinum sem voru til umfjöllunar.

Í frummatsskýrslu kom fram að áður en kvíarnar verði festar niður verði botninn skoðaður af kafara. Ef fornleifar koma í ljós við þá

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

athugun verða framkvæmdir stöðvaðar og Minjastofnun Íslands gert viðvart. Miða þurfi endanlega staðsetningu eldiskvía við minjar og helgunarsvæði þeirra. Gæta þurfi þess að fornleifar spillist ekki við uppsetningu og viðhald kvíanna.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson
Minjavörður



Skipulagsstofnun
Suðurlandsbraut 24
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. júlí 2020

Efni: Athugasemdir NASF á Íslandi er varða tillögu Hafrannsóknarstofnunar að eldissvæðum í Arnarfirði.

Umsagnaraðili

NASF á Íslandi, kt. 601217-2440, með skráð aðsetur að Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík („NASF“) er náttúruverndarsamtök sem hafa vernd Norður-Atlantshafslaxins að meginmarkmiði. Formaður NASF á Íslandi er Friðleifur Egill Guðmundsson, kt. 180680-6169 og stjórnarmenn eru Elvar Friðriksson kt. 111189-2349 og Gísli Sigurðsson kt. 270959-5129.

NASF á Íslandi (hér eftir „NASF“) stendur fyrir North Atlantic Salmon Fund og er afsprengi Verndarsjóðs villtra laxastofna kt. 550692-2449, sem Orri Vigfússon heitinn stofnaði og rak í 27 ár.

Umsögn

Hafrannsóknarstofnun lagði nýverið fram tillögu að eldissvæðum í Arnarfirði, í samræmi við 4. gr.a í lögum um fiskeldi. NASF gerir sér fulla grein fyrir því að lögum samkvæmt skal Hafrannsóknarstofnun leggja fram tillögur af þessum toga. Þó má furða sig á því að í tillögunni er til að mynda lagt til að eldissvæði séu rétt fyrir utan ósa vatnsfalla með villta stofna af laxfiskum. Þarna ber helst að nefna Dufansdalsá og Sunndalsá.

Í reglugerð um fiskeldi er samþykkt var síðastliðið vor var tekið fram að sjókvíaeldi skuli ekki stundað í minna en 5 km fjarlægð frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu.

Vissulega snýr sú málsgrein að rekstrarleyfum, en engu að síður er það skýrt að eldissvæði og kvíar eiga ekki að vera svona nálægt ósum ána.

NASF furðar sig á því að Hafrannsóknastofnun skuli leggja til að eldissvæði séu eins nálægt ám sem hýsa villta stofna og raun ber vitni. Ef farið er yfir þau hnit sem gefin eru upp í tillögnum, þá má sjá að eldissvæði á hluta A eru mjög nálægt ósum ána. Til að mynda er eitt eldissvæðið aðeins um 350 m frá ósi Dufansdalsár og annað um 1,5 km frá ósi Sunndalsár. Þetta stangast alfarið á við öll verndunarsjónarmið og er erfitt að sjá fram á að þessar ár muni sleppa óskaddaðar frá þeim hættum sem stafa af sjókvíaelði.


Hafrannsóknastofnun hefur framkvæmt mælingar og tilraunaveiðar á svæðinu til að kortleggja þá villtu stofna laxfiska sem eru á svæðinu. Stofnar sem hafa aðlagast náttúrunni á þessu svæði í þúsundir ára. Árið 2017 kom út skýrslan *Útbreiðsla og þéttleiki seiða laxfiska á Vestfjörðum, frá Súgandafirði til Tálknafjarðar* eftir Leó Alexander Guðmundsson, Ragnhildi Þ. Magnúsdóttur og Sigurð Má Einarsson. Niðurstöður þessara mælinga sýndu fram á að flestar ár á svæðinu hafa sína eigin villtu stofna og í nokkrum þeirra var seiðapéttleiki heilbrigður og sjálfbær. Hér áður voru nefndar Dufansdalsá og Sunndalsá. Í Sunndalsá má finna mesta þéttleika laxaseiða í 16 ám frá Súgandafirði til Tálknafjarðar (142,1/100m²). Í Dufansdalsá var þéttleikinn 39,5/100m². Það er því mjög sorglegt ef að það á að setja eldissvæði svo nálægt þessum ám og um leið dauðadæma þær.

Áhrif sjókvíaeldis á lífríki geta verið afar neikvæð og sérstaklega ef kvíarnar eru nálægt viðkvæmum vistkerfum eins og þessum litlu ám. NASF er alfarið mótfallið þeirri hugmynd að það sé í lagi að fórna ákveðnum ám vegna þess að þær eru litlar eða hafa lága meðalveiði. Þær ár hafa alveg jafn mikinn tilverurétt og stærri og frægari ár á landinu. Að hafa sjókvíaelði svona nálægt ánum mun fara illa með þær, laxar munu sleppa úr kvíunum, ganga upp í árnar og á endanum skaða erfðaefni villtu stofnana sem hefur þróast í þúsundir ára. Mengun frá eldinu mun hafa neikvæð áhrif á sjávarlífríki og fiskilús mun herja á alla laxfiska á svæðinu, bæði fiskana í kvíunum og villtu fiskana sem þurfa að synda framhjá eða í gegnum eldissvæðin, ekki síst gönguseiði á leið til sjávar, að ógleymdum sjögöngusilungum sem halda sig nærri árósumum.

Lax- og fiskilúsin getur valdið laxfiskum miklum skaða og sé nógu mikið af henni getur hún étið þá inn að beini. Lúsafár í eldiskvíum fjölga lús almennt í sjónum og hefur því ekki bara áhrif á eldisfiskinn heldur einnig á þá villtu laxfiska sem synda um íslenska firði á sinni náttúrulegu för. Nýlega kom út vísindagrein eftir Thomas Bøhn o.fl. (2020) í *Journal of Applied Ecology* um rannsókn á dánartíðni og lífslíkum sjógönguseiða þar sem mikið er af laxalús (sjá viðauka 1). Niðurstöður rannsóknarinnar eru sláandi. Mikill þéttleiki lúsar getur valdið allt að 50 sinnum meiri líkum á því að sjógönguseiðin lifi ekki sína náttúrulegu ferð af. Hættulegur þéttleiki lúsar getur jafnvel komið upp í fjörðum sem eru verndaðir fyrir sjókvíaeldi – vegna eldis í nálægum fjörðum. Þessar niðurstöður eru sláandi og sýna enn fremur fram á það að afar óráðlegt er að hafa sjókvíaeldi nálægt ám með villta stofna. Litlu árnar í Arnarfirði munu verða fyrir miklum skaða. Sjógönguseiði munu þurfa að synda framhjá og í gegnum eldissvæðin bæði á leið sinni út á haf og einnig á leiðinni til baka í heimaána sína. Lúsin er vandamál í íslensku fiskeldi eins og NASF hefur vakið athygli á frá upphafi, þrátt fyrir að fulltrúar og sérfræðingar fiskeldisfyrirtækjanna hafi haldið því fram á sínum tíma að svo yrði ekki.

Hafrannsóknastofnun hefur áður gefið út rannsóknir þar sem sýnt er fram á að erfðablöndun hefur nú þegar átt sér stað á Vestfjörðum vegna sjókvíaeldis, þar með talið í Sunndalsá (Guðmundsson, Magnúsdóttir, Guðbrandsson og Einarsson, 2017). Vísbendingar um erfðablöndun mátti finna í 6 vatnsföllum. Sjókvíaeldið er nú þegar farið að hafa neikvæð áhrif á náttúruna og villta stofna. Erfitt er að sjá að þessi tillaga sem Hafrannsóknastofnun hefur nú sett fram muni bæta ástandið.

NASF vonar innilega að umsögn þessi verði tekin til greina og að Skipulagsstofnun jafnt sem Hafrannsóknastofnun standi vörð um sjávarlífríki, villta stofna laxfiska og náttúru Íslands.



f.h. NASF á Íslandi
Elvar Örn Friðriksson



RESEARCH ARTICLE

Timing is everything: Survival of Atlantic salmon *Salmo salar* postsmolts during events of high salmon lice densities

Thomas Bøhn¹ | Karl Øystein Gjelland² | Rosa M. Serra-Llinares¹ | Bengt Finstad^{3,4} | Raul Primicerio⁵ | Rune Nilsen¹ | Ørjan Karlsen⁶ | Anne D. Sandvik⁶ | Ove T. Skilbrei^{6†} | Kristine Marit S. Elvik¹ | Øystein Skaala⁶ | Pål A. Bjørn¹

¹Institute of Marine Research, Tromsø, Norway; ²Norwegian Institute for Nature Research (NINA), Tromsø, Norway; ³Norwegian Institute for Nature Research (NINA), Trondheim, Norway; ⁴Department of Biology, NTNU Center of Fisheries and Aquaculture, Trondheim, Norway; ⁵UiT, The Arctic University of Norway, Tromsø, Norway and ⁶Institute of Marine Research, Bergen, Norway

Correspondence

Thomas Bøhn
Email: thomas.bohn@hi.no

Funding information

Norwegian Institute of Nature Research, Grant/Award Number: 160022/F40; Norges Forskningsråd, Grant/Award Number: 221404; Institute of Marine Research, Grant/Award Number: 14650

Handling Editor: Steven Vamosi

Abstract

1. Atlantic salmon in aquaculture act as reservoir hosts and vectors of parasites like salmon lice and this parasite is shown to harm wild salmonid populations.
2. In this study, $n = 29,817$ tagged Atlantic salmon were studied in four release trials. Half of the released fish were given prophylactic treatment against lice, the other half represented sham control fish. We used a nested design comparing years with low and high lice density and seasonal dynamics in infestation pressure. The released Atlantic salmon thus experienced highly variable lice infestation pressures, which we linked to survival and growth in returning fish. The fish were released in a protected 'National Salmon Fjord' and $n = 559$ Atlantic salmon were recaptured after spending 1–4 years at sea.
3. In most experimental groups 1%–2.5% of the fish were recaptured at return. However, survival of unprotected fish was extremely low for the trial released at the highest density of lice: only 0.03% of these Atlantic salmon returned to the river, compared to 1.86% in the protected group.
4. *Synthesis and applications.* We document that high lice density can cause more than 50 times higher mortality risk in Atlantic salmon on their sea migration, even in a fjord with protected status. Fine-tuned and hard-to-predict year-to-year differences in timing, both for the wild smolt migration and the population build-up of lice released from aquaculture, means life or death to wild salmon. Management actions such as spatial segregation of farmed fish and lice (e.g. closed farm pens), and/or moving farms away from vulnerable habitats for wild salmonids (fjords and coastal areas), may be needed to ensure sustainable coexistence of wild and farmed Atlantic salmon.

KEYWORDS

aquaculture, Atlantic salmon, management, parasite-induced mortality, randomized controlled trials, salmon lice, wild and farmed fish interactions

[†]Deceased.

This is an open access article under the terms of the Creative Commons Attribution License, which permits use, distribution and reproduction in any medium, provided the original work is properly cited.

© 2020 The Authors. *Journal of Applied Ecology* published by John Wiley & Sons Ltd on behalf of British Ecological Society

1 | INTRODUCTION

To complete its complex life cycle, wild Atlantic salmon *Salmo salar* postsmolts migrate from the rivers to their feeding grounds in the sea during spring and return as mature adults 1–4 years thereafter to their native river. The survival of the Atlantic salmon during its entire marine migration is typically (much) less than 10%, and most of the mortality occurs shortly after the fish has left the rivers (Thorstad et al., 2012).

Salmon farming has become a major industry in Norway during the recent decades. Atlantic salmon is farmed in net pens in the fjords and along the coast and serves as a host to the parasitic salmon louse *Lepeophtheirus salmonis* (Krøyer, 1837). This ectoparasite has pathogenic impacts on Atlantic salmon by feeding on their blood and tissue, causing skin lesions, osmoregulatory challenges and physiological stress responses in the host. The pathogenic effect is a well-studied topic (Costello, 2009; Thorstad et al., 2015; Torrissen et al., 2013).

